



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Vinagerði

2025– 2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025	6
3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026.....	7
4 Innra mat Tröllagerðis 2024-2025	10
5 Umbótaáætlun Tröllagerðis 2025-2026	11
6 Innra mat Álfagerðis 2024-2025.....	14
7 Umbótaáætlun Álfagerðis 2025-2026	16
8 Innra mat Drekagerðis 2024-2025.....	19
9 Umbótaáætlun 2025-2026	21
10 Starfspróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaáttum leikskólans.	26
11 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	26
12 Foreldrasamvinna.....	26
13 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	27
14 Fylgiskjöl	28





Leiðarljós leikskólans

Gleði – gerum hvern dag að degi gleðinnar

Hvatning – hrós, viðurkenning og traust

Nærgætni – umhyggja, virðing og samkennd

1 Greinargerð leikskólastjóra

Haustið byrjaði vel og aðlögun á börnum gekk mjög vel á öllum deildum. Við náðum fleiri systkinum inn eins og í fyrra með breyttri innritun. Mikið var um starfsmannabreytingar á árinu og starfsfólk sem hefur verið lengi í Vinagerði fór í önnur störf. Þetta þyngdi róðurinn og haustið fór ekki eins hratt af stað sökum þessa. Erfiðlega gekk að ráða deildarstjóra á elstu deildina og sérkennsla var mikil í skólanum. Við þurftum að grípa of oft til faliðunar og á endanum fengum við leyfi til að loka um hádegi á föstudögum til að mæta þessu. Foreldrar voru skilningsríkir og voru ánægðari með að geta skipulagt sig fram í tímann í stað óvissunnar. Samstarf milli deilda var mikið og sérstaklega á neðri hæðinni þar sem yngsta og miðdeildin eru staðsettar. Starfsmannakönnunin kom ekki mjög vel út en hún er tekin á haustin og eins og áður sagði var haustið okkur þungt. Eftir áramót var léttara yfir öllu og hópurinn þéttist og vann betur saman. Partur af því var sú breyting að fleira starfsfólk bauðst til að safna vinnutímastyttingu en með því náðum við að festa í sessi meiri ró eftir hádegi. Við finnum það að fólki finnst við vinna meira sem ein heild og kemur Þróunarverkefnið um réttindaskólann þar mest við sögu.

Nú erum við búin að vera réttindaskóli í eitt ár og flöggum fánanum stolt. Starfið í vetur hefur mikið gengið út á að byggja upp með börnunum áframhaldandi lýðræðislegt umhverfi. Starfsmenn hafa fengið fræðslu og verkfæri í hendurnar til að vera færir í að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í allt starf leikskólans. Tilgangurinn með því er að valdefla börnin, hlusta á hugmyndir þeirra og sjónarmið og um leið að stuðla að því að þau verði raunverulegir áhrifavaldar í leikskólanum. Þetta verkefni hefur breytt starfinu mikið í Vinagerði og kemur að öllum þáttum starfsins. Börnin eru meðvitaðri um réttindi sín og eru örugg að tjá skoðanir sínar og væntingar til námsins.

Við vinnum í anda Reggio Emilia og höfum við verið að leggja mikla áherslu á umhverfið í vetur og er sú vinna alltaf í gangi. Starfsfólkið er orðið öruggara með út á hvað starfið gengur og sýnir mikinn áhuga. Mikið er til af efni sem fólk getur nýtt sér og allt sem við tökum inn í húsið miðast við að það passi í starfinu með börnunum.





Ný námskrá var gerð í vetur og er í yfirllestri hjá SFS og hlakkar okkur mikið til að gefa hana út. Eins var læsisáætlun gerð sameiginlega fyrir alla leikskólanum sem tilheyra Norðurmiðstöð og er unnið eftir henni.

Við fengum mikið af heimsóknum frá öðrum leikskólum bæði innlendum og erlendis frá. Um haustið vorum við með nema frá Þýskalandi í 3 vikur. Það samstarf varð til út frá ferð okkar fjögurra stjórnenda til Bologna vorið 2022. Við eigum von á fleiri nemum haustið 2025 en þá koma tveir namar frá þeim. Þetta samstarf gefur okkur mikið og fór leikskólastjóri í heimsókn til Þýskalands á Erasmus styrk í boði þeirra á vormánuðum. Frábær ferð í alla staði og lærdómsrík.

Auk þess fóru kennarar á Eecera ráðstefnuna, ráðstefnu í Reggio Emilia og leikskólastjóri fór með Norðurmiðstöð í námsferð til Svíþjóðar.

Farið var reglulega með börnin í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn bæði á námskeið og til að leika og njóta. Samstarfið við Grasagarðinn hélt áfram en ekki var hægt að gróðursetja túlípana eins og áður þar sem moldin er sýkt og verður næstu 3 – 4 árin. Við tókum þátt í Sáum, sjáum og smökkum með Norræna húsinu og Grasagarðinum og notum Bambahúsið okkar eins og hægt er. Ákveðið var að taka þátt í Barnamenningarhátíð og stóðu börnin í elsta árgangi sig mjög vel á sviði í Eldborg. Út að leika var sett upp í Grasagarðinum og tóku næst elstu börnin þátt í þeirri sýningu en það er hluti af Barnamenningarhátíð.

Gott samstarf er við Breiðagerðisskóla og fara börnin þangað nokkrum sinnum yfir skólaárið. Eins fara elstu börnin í íþróttir hjá Víkingi aðra hvora viku og er það mjög ánægjulegt. Mikið er farið í vettvangsferðir á öllum deildum á hina ýmsu staði og söfn. Útinám hefur einnig verið sýnilegra í vetur enn oft áður þó útivera sé alltaf á hverjum degi fyrir öll börn.

Gott foreldrasamstarf er í Vinagerði og foreldrar mjög ánægðir. Fréttir eru sendar út einu sinni í viku á öllum deildum þar sem foreldrar geta skoðað myndir og farið yfir líðandi viku með börnum sínum. Foreldrakönnunin kom mjög vel út. Eins er Instagram síðan okkar alltaf að stækka og erum við með nokkuð marga fylgjendur bæði hérlendis og erlendis. Foreldrafélagið er mjög öflugt og stendur fyrir nokkrum viðburðum á ári. Í vor var farin sveitaferð utan leikskólatíma í þriðja sinn og tókst mjög vel.

Sérkennslan minnkar mikið í haust og með því fara einhver stöðugildi úr húsi. Við þurfum ekki að ráða neitt inn fyrir haustið eins og staðan er í dag og er hópurinn þéttur og metnaðarfullur sem starfar í Vinagerði.

Á næsta ári verður aðaláherslan á áframhaldandi starf í anda Reggio Emilia og í verkefninu okkar sem Réttindaskóli. Þar fléttast inn í allir þættir menntastefnunnar en hún byggir á grunngildum





Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna um að menntun barns skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess. Við lítum á barnið sem virkan einstakling í eigin námi og horft er til þess að börn eigi að hafa rödd þegar kemur að skipulagi og áherslum leikskólans. Leikurinn er aðal námsleið barnanna og við berum virðingu fyrir því.

Mig langar að þakka öllum starfsmönnum, foreldrum og samstarfsaðilum fyrir frábært og gefandi samstarf.

Harpa Ingvadóttir

Leikskólastjóri





2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

Innra mat (töfluna má fjölfalda fyrir hvern matsþátt)

Hvað var matið?	
Hvernig fór matið fram?	Matið fór fram á skipulagsdegi að vori. Farið var yfir starf ársins og hugleitt hvað mætti betur fara og hver næstu skref væru. Einnig voru deildarfundir og stjórnendafundir nýttir í endurmat yfir veturinn.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk tók þátt í endurmati. Einnig var litið til niðurstöðu foreldrakönnunnar sem kom einnig út á svipuðum tíma. Að auki er endurmat reglulegt með börnunum á deildinni þar sem starfið er rætt og val þeirra virt.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Á heildina litið gekk árið mjög vel og faglegt Reggio starf blómstraði á öllum deildum. Haustið var okkur erfitt en við létum það ekki stoppa okkur. Alltaf má þó gera betur og ákveðið var að fara betur ofan í Reggio hugmyndafræðina; ýta undir námssöguskráningar og umhverfið sem þriðja kennarann. Lýðræði er þáttur sem alltaf þarf að huga að sem og læsi í víðum skilningi.

Ytra mat

Hvað var matið?	Ytra mat var ekki framkvæmt á þessu skólaári.
Hvernig fór matið fram?	
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	





3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Þeir þættir sem eru metnir yfir allan leikskólann í heild sinni. Þessir þættir geta verið aðrir eða þeir sömu og eru metnir á deildum. Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer miðað við aldur og færni barna .

Einnig skal taka mið af menntastefnu Reykjavíkur, skólanámskrá og þróunarverkefni ef leikskólinn er í slíku.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur-innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Auka áhuga starfsfólks og faglegan skilning á Reggio- og lýðræðisstefnu leikskólans . Fá fólk til að finna að það áorki einhverju og að þeirra nærvera í lífi barnanna skipti máli.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að starfsánægja eflist enn frekar og að fólk mæti glatt og faglega þenkjandi í vinnuna og finni til mikilvægis í starfi. Að efla faglega hugsun starfsfólks er því einnig efling á leikskólabrag til heildarinnar litið.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Passa upp á endurmenntun starfsfólks og miðla þekkingu frá fagfólki í húsi með virðingu og hvatningu að leiðarljósi meðal annars með fyrirlestrum á starfsdögum. Torgið er hér mikilvægur miðill sem býður upp á góða þjálfun og endurmenntun. Kynnast nýju starfsfólki, halda utan um það með góðri nýliðaþjálfun þar sem nýliðar fá mentor . Áhersla á að leyfa styrkleikum og áhugamálum starfsfólks að lita starfið.
Ábyrgð	Stjórnendur og deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2025- maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið á deildarstjórafundum og deildarfundum. Einnig farið yfir málin á starfsmannafundum þar sem deildir segja frá því sem hefur gengið vel og umræður um faglega starfið eru í forgrunni. Fagfundir verða innleiddir í stjórnendahóp





	til að halda utan um faglegar umræður innanhúss. Einnig haldið utan um þá endurmenntun sem starfsfólk fær yfir árið ef hún er sótt utan húss.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Faglegt starf blómstrar og verður sýnilegt í skráningum og námi barnanna en einnig í starfsánægju á heildina litið. Einnig tekið samtal við nýtt starfsfólk reglulega og farið yfir hvernig gengur og hvort spurningar hafi vaknað.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Stjórnun: Stjórnun í leikskólanum hefur gengið vel en alltaf má betur gera sérstaklega eftir að nýir stjórnendur komu inn í teymið. Skoða þarf samræmi í stjórnun (að allir stígi í takt) og að kröfum um upplýsingaflæði sé uppfyllt. Naflaskoðun er alltaf mikilvæg og í raun aldrei lokið.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Ýta undir stjórnendahlutverk og ábyrgð stjórnenda í húsi; að stjórnendur viti til hvers er ætlast af þeim og að þeir sinni sínum skyldum í samræmi við það. Réttar boðleiðir á réttaðar og að teknar séu ákvarðanir á lýðræðislegan hátt og með samtalið að leiðarljósi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Deildarstjórafundir og fagfundir nýttir til að ræða um hvað gengur vel og hvað megi betur fara hvað varðar samskipti, ábyrgð stjórnenda, upplýsingaflæði, faglegt starf og önnur verkefni. Samskiptasáttmáli Vinagerðis er þar leiðarvísir. Notast er við skilgreiningu starfa inn á vefsíðu KÍ til að efla stjórnendur í starfi. Stjórnendateymið sækir sér stjórnendafræðslu frá mannauðssviði Reykjavíkurborgar til að efla teymið enn þá frekar. Hér er líka hægt að notast við Torgið.
Ábyrgð	Stjórnendur og deildarstjórar





Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2025- maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Með umræðum á stjórnendafundum og fagfundum. Starfsmannakannanir innan húss.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Könnun og samtal sýnir aukið traust til stjórnenda; upplifun á góðu upplýsingaflæði og að hver hlekkur skipti máli.





4 Innra mat Tröllagerðis 2024-2025

Styrkleikar

Lýðræði: Deildin vann eftir bestu getu með Barnasáttmálann og réttindi barna. Börnin, í samstarfi við starfsfólk, bjuggu til réttindatré fyrir deildina og sýndu börnin því mikinn áhuga. Vegna þessa áhuga varð deildarsáttmálinn hluti að daglegu starfi deildarinnar og börnin voru dugleg að vísa í hann. Við höfum byrjað undirbúningsvinnu inni á deild til þess að vinna meira með virðingu og mörk, þar sem börnin geta lært meira um réttindi sín og annara í samræmi við Barnasáttmálann. Kosningar hafa gengið vel á Tröllagerði, þó hafa þær eingöngu verið framkvæmdar með því að rétta upp hendur. Barn vikunnar hefur verið hluti af deildarstarfinu allan veturinn og gengið vel. Börnin koma með bækur í leikskólann til þess að sýna vinum sínum og fá að hjálpa kennurum með verkefni vikunnar.

Læsi: Gefðu 10 hefur verið notað til málörvunar fyrir þau börn sem sérstaklega þurfa á því að halda og gengur það vel. Lubbi finnur málbein hefur verið notað í samverustundum þar sem við veljum máhljóð vikunnar, hlustum á lögin og finnum orð sem tengjast máhljóðinu og eru börnin dugleg að taka þátt. Tilfinningalæsi með litaskrímslinu var nýtt í ýmis verkefni á deildinni og tengt vel við daglegt starf leikskólans. Samtöl við börnin um veðrið og af hverju við þurfum pollabuxur þegar það rignir bætti umhverfislæsi þeirra og mun deildin halda áfram með og bæta það starf.

Tækifæri

Lýðræði: Við sjáum tækifæri til þess að vinna áfram með kosningar inni á deildinni með því að bæta við kosningarkassa og kosningaseðlum fyrir börnin. Deildarsáttmálinn veitti okkur góðan grunn að samtali við börnin um mörk og réttindi, okkur hlakkar mikið til þess að vinna áfram með það. Barn vikunnar hefur gengið vel og sjáum við tækifæri í því verkefni til þess að kenna börnunum ábyrgð og jákvæða leiðtogafileika.

Læsi: Tilfinningalæsi vinnan með litaskrímslið var gott verkfæri fyrir börnin til þess að setja orð á tilfinningar sínar og veitir mörg tækifæri til áframhaldandi samtala um tilfinningar okkar og annara. Umhverfislæsi hefur hingað til verið bundið við veðurfar og viðeigandi klæðnað en tækifæri eru til þess að vinna með virðingu gagnvart náttúrunni og umhverfi okkar. Málörvun hefur gengið vel í gegnum Lubba verkefnið en tækifæri má enn finna í rímum, barnagælum og með því að innleiða Lubbi finnur málbein í meiri verkefnavinnu utan samverustunda.





5 Umbótaáætlun Tröllagerðis 2025-2026

Tröllagerði – yngsta deild	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Læsi
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Áframhaldandi málörvun og efla umhverfis og tilfinningalæsi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Haldið verður áfram að vinna með Lubba og máhljóð vikunnar. Blær verður fastur liður í vikudagskrá deildarinnar þar sem tilfinningalæsi verður æft í samtarfi við hann. Í útiveru ásamt hinum ýmsu þemaverkefnum verður umhverfislæsi styrkt með því að skoða umhverfi okkar og læra að umgangast náttúruna okkar.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk deildar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025 – vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Með deildarfundum og stöðumati

Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Lýðræði
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin þekki sín mörk og annara. Að grundvallarreglur Barnasáttmálans séu þekktar og fylgt eftir. Lýðræðislegt andrúmsloft skapað á deildinni.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Við munum gera deildarsáttmála með börnunum þar sem við ræðum grunnréttindi okkar og lærum að setja mörk. Í





	<p>samveru kjósum við um hin ýmsu verkefni og allir fá að taka þátt í hugmyndasköpun. Vinnum með það að rétta upp höndina til þess að eiga orðið í samveru og virða tíma og orð hvors annars. Barn vikunnar verður partur af deildarstarfinu til þess að styrkja sjálfstraust barnanna og hvetja þau til þátttöku.</p>
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk deildar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025 – vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Með deildarfundum og stöðumati

Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Reggio lífið og skráningar í anda Reggio
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Skipuleggja umhverfið svo það kveiki á ímyndunarafli barnanna og veita börnunum efnivið og stuðning til þess að njóta sín í frjálsum leik. Að skráningar séu djúpar og byggji á styrkleikum barnanna og sýni nám þeirra, líf og leik.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Leggja áherslu á að verkefni deildarinnar séu unnin út frá hugmyndafræði Reggio. Svæði sett upp með opnum efnivið og börnin fá frelsi til þess að skapa sín eigin verkefni út frá því og skapa ævintýrlegt flæði í leik.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk deildar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025 – vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Með deildarfundum og stöðumati og skoðun á skráningum.





**(t.d. könnun, rýnihópur, fundir,
viðtal við börn)**





6 Innra mat Álfagerðis 2024-2025

Styrkleikar

Læsi: Við erum búin að leggja mikla áherslu og læsi og lestur með börnunum í ár. Börnin hafa lagt mikla áherslu á að læra stafina og við höfum fengið endurgjöf frá foreldrum þar sem þau eru mjög ánægð og jafnvel hissa hversu mikið af stöfum börnin þeirra eru búin að læra. Við notum Lubba mjög oft. Við tengjum þetta verkefni við barn vikunnar. Hvert barn hefur tækifæri til að tengja nafn sitt við Lubba og þannig kennum við þeim t.d. að þekkja hljóðin sín. Lubbi fær nú að fara heim með barni vikunnar. Í upphafi skoðum við stafinn hjá barni vikunnar en þegar lengra er komið inn í önnina fara börnin að velja að skoða tvönnu stafi. Tilfinningalæsi er líka lykilhugtak hjá okkur. Við tölum um tilfinningarnar okkar og leggjum mikla áherslu á að börnin viti hvað tilfinningarnar sínar heita og geta tjáð sig og sagt hvernig þeim líður. Við höfum lesið Litaskrímslið þar sem litir eru tengdir við tilfinningar og gerðum svo verkefni tengt við litina og tilfinningarnar. Í upphafi hvers skólaárs gerum við nýjan deildarsáttmála með barnahópnum. Þá setjumst við niður í samveru og búum til sáttmála og deildarreglur, um hvernig við viljum að deildin okkar sé og hvað má og má ekki gera í samskiptum við hin börnin á deildinni. Barnahópurinn fær að koma með tillögur um það sem þau vilja hafa í sínum sáttmála. Við hengjum svo upp allar deildarreglurnar okkar á deildarsáttmálann undir tveimur litum. Grænt fyrir það sem má gera samkvæmt deildarsáttmálanum og rautt fyrir það sem má ekki. Við pössum upp á að hafa deildarsáttmálann sjónrænan með myndum af hvað má og hvað má ekki.

Börnin eru með deildarsáttmálann inni á deild í sinni augnhæð þar sem þau geta leitað til hans og séð hvað má og hvað má ekki. Þegar búíð er að safna saman öllum þeim reglum sem börnin vilja hafa í deildarsáttmálanum sínum þá kvitta börnin undir deildarsáttmálann með því að teikna mynd af sér og líma á deildarsáttmálann.

Lýðræði: Við höfum lagt mikla áherslu á réttindi barnanna sem hefur gengið vonum framár. Þau hafa fengið að velja um útiveru, hvar þau sitja í samveru og matartíma og hvaða bók við lesum í samveru. Börnin vita að þau hafa rödd og mega tjá sig í leikskólanum. Sömuleiðis, fá börnin að kjósa hvað við lesum í samverustund. Við höfum hlustað á raddir barnanna og þau ráða sínum klósettferðum sjálf. Ef þau vilja ekki fara á klósettið fyrir útiveru þá hlustum við og leyfum þeim að læra á líkamann. Í kaffitímanum eru þau einnig dugleg að láta okkur vita hvort og hvað þau vilja borða. Börnin eru einnig hvött til að klæða sig sjálf og að vissu marki fá þau að velja hvað þau fara í útiveru.





Tækifæri

Alltaf má gera betur og því teljum við að tækifærin felist í því að efla frekar þekkingu á Barnasáttmálanum inni á deildinni, líka á meðal kennaranna, sér í lagi þeirra sem koma nýir að hausti. Við viljum líka efla Vináttuverkefni Barnaheilla inni á deild og þar með ýta undir félagsfærni barnanna. Málörvun skal einnig vera markvissari. Áframhaldandi áhersla á teymisvinnu í sérkennslu er einnig mikilvæg; að allir þekki þarfir barnanna og myndi tengsl en teymisvinna hefur verið ríkjandi í vetur og skal halda áfram.

Þá viljum við einnig efla Reggio hugmyndafræðina innan deildarinnar og passa að starfsfólk þekki út á hvað Reggio gengur. Umhverfið sem þriðji kennarinn er þar lykilatriði og efling námssöguskráninga.





7 Umbótaáætlun Álfagerðis 2025-2026

Álfagerði - miðdeild	
Umbótapáttur/matspáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Lýðræði
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að skapa lýðræðislegt samfélag innan skólans og að börnin kynnist grundvallarreglum Barnasáttmálans (gr. 2, 3, 6, og 12). Að allar deildir hafi virkan og sýnilegan deildarsáttmála. Nýtum kosningakassa og gerum skráningu út frá því. Bjóða foreldrum að taka þátt. Að börnin hafi frelsi til þess að nýta og njóta réttinda sinna.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Allir starfsmenn kynna sér Barnasáttmálann og byrja að vinna með deildarsáttmála í samverustund og kosningakassann. Nota samræðuaðferð, félagsfærnisögur, vináttuverkefni Barnaheilla og Barn vikunnar. Kosningar og samskipti við börnin
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk deildar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025 – vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Viðtöl við börn og stöðumat frá Unicef. Hafa reglulega fundi og taka stöðuna Símat á deildafundum og endurmat að vori.





Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Reggio: Umhverfið sem þriðji kennarinn þar sem skynjun og töfrandi umhverfi, sem skapar flæði í leik, eru aðalatriðið. Allir fá hlutverk og auka ábyrgð starfsfólks. Opinn efniviður eins og jarðleir í notkun á hverjum degi og listasmiðjan notuð í ferlistengd verkefni og upplifun barna. Allt á að vera ævintýrlegt og töfrandi.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Skipulagning umhverfisins og áhersla á skynjunarstöðvar og að kennari sé staðsettur á hverri stöð.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Búa til skipulagt skjal með hugmyndum sem auðveldar val fólks og krefja fólk um að nýta m.a. undirbúning í að kynna sér Reggio og undirbúa svæði. Niðurstaða skipulags verður að vera sýnilegt- ekki bara legóstöð og teiknistöð heldur líka skynjunar tengdar stöðvar sem skapa flæði.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 25-maí 26
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á deildarfundum





Umbótapáttur/matspáttur	Læsi og skráningar
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin læri nýjan orðaforða í gegnum samtöl og viðræður við fullorðna (sögulestur og lög) og leikskráningar.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	<p>Félagsfærnisögur, Lubbi, hringrás ársins, sögupokar og sömu sögur endurteknar reglulega.</p> <p>Fjórar sögur hafa verið notaðar yfir árið og þær eru endurteknar reglulega. Lesið er fyrir þau í litlum hópum og þau spurð út í textann. Tekin eru ný orð sem unnið er með á fjölbreyttan máta, bingó og allskonar borðspil.</p> <p>Áhersla á Reggio skráningar á námi og leik barna með áherslu á samskipti (inni/úti). Það eflir læsi og samskipti á milli barnanna að hafa skráningarnar sýnilegar og ýtir einnig undir leik og spjall.</p>
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 25-maí 26
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Með símati á deildarfundum og endurmati í lok skólaárs Skráningar nýttar í endurmat á deildarfundum og til að finna hvað hentar hverju barni fyrir sig. Hér skipta niðurstöður málproskamats einnig máli sem matsaðferð





8 Innra mat Drekkagerðis 2024-2025

Styrkleikar

Lýðræði: Barnasáttmálinn var virkur í öllu starfi á deildinni og reyndum við eftir bestu getu að tengja umræður með börnunum og starfið í heild sinni við grunngreinarnar. Við notuðumst við kosningar og lýðræðisfundi en notuðum ekki kosningakassana eins mikið og upphaflega var áætlað. Ástæðan fyrir því var ör skipti starfsfólks á deildinni. Við erum samt sem áður mjög stolt af starfi vetrarins í tengslum við réttindi barna og nýttum öll tækifæri til að virkja raddir þeirra og ýta undir þeirra val. Barn vikunnar hélt allan veturinn og gekk mjög vel og áhersla var lögð á tilfinningalæsi með Vináttuverkefninu sem og umræðum í barnahópnum.

Læsi: Við bjuggum til málörvunarhópa eftir getustigi barnanna og búnir voru til lestrarkassar svo starfsfólk gæti fundið viðeigandi bækur fljótt og vel. Tilfinningalæsi var partur af umræðum í samverustundum og tákni með tali var partur af söngstundum. Við höfum lagt áherslu á að börnin hlusti á líkamann sinn og læri að hlusta á mörkin sín. Við buðum börnunum sem þess þurftu að fá ró og næði með stuðningi frá kennara þegar tilfinningarnar báru þau ofurliði. Einnig lögðum við áherslu á að þau þekki sínar líkamlegu þarfir og geti sagt okkur þegar þau þurfi á klósettið. Vegna örtra starfsmannabreytinga náðum við ekki að festa Hringferð ársins í sessi en hins vegar tókum við Lubba betur í gagnið og var skipulögð Lubbastund alla mánudaga og hélt það nánast í allan vetur. Unnið var með málhjóð vikunnar og það sýnilegt á tússtöflu. Börnin voru líka hvött til að finna orð sem byrja á málhjóðinu og þau voru líka skrifuð á töfluna. Lubbi fylgdi líka barni vikunnar heim. Umhverfislæsi var líka eft í samveru með áherslu á að lesa í náttúruna, læra ný orð og skoða veðrið á hverjum degi.





Tækifæri

Tækifærin voru fjölmörg og við gripum þau sem best við gátum miðað við ástand, sér í lagi á haustönn sem fól í sér miklar starfsmannabreytingar. Áframhaldandi efling á lýðræðishugsun gekk vel en við viljum færa út kvíarnar hvað varðar kosningar og val en gera það á skipulagðan hátt t.a.m. með sjónrænu vali á deildinni. Lýðræðið hefur fengið að sjást mikið í starfi barnanna inn á deild og þá einna helst í hópstarfi og flæði. Værum til í að leggja meiri áherslu á að börnin tali saman sín á milli hvað þau vilji gera í daglegu starfi og þá getum við gripið þeirra hugmyndir og unnið með þær. Það eflir sjálfstraust þeirra til muna að börnin fái að sjá og heyra að þau hafi áhrif á leikskólastarfið og það sé tekið mark á þeirra hugmyndum og að hlustað sé á þau. Mikilvægt er að hvetja öll börnin til að taka þátt og að hlustað sé á þau öll, ekki bara háværu raddirnar.

Okkur langar að leggja áherslu á tilfinningalæsi með litakrímslinu og koma með það inn í þemastarf. Tilfinningalæsi var partur af umræðum á deildinni í vetur en við viljum vinna í því og gera betur. Þar kemur litaskrímslið sterkt inn og börnin geta þá sett lit á tilfinningarnar sínar.

Við ýttum undir skráningar á leik barna á vorönn í tengslum við læsi í leik og allir undirbúningstímar starfsmanna fóru að mestum parti í þær en börnin elskuðu að skoða skráningarnar og lesa í leikinn sinn og endurskapa hann. Það hafði líka jákvæð áhrif á starfsfólk sem varð meðvitaðra um hvað væri verið að gera og af hverju.

Við viljum hins vegar halda betur utan um málörvun og halda úti lestri bóka og vera dugleg að skipta út bókum á bókasafni barnanna. Alltaf má gera betur þegar kemur að lestri og jafnvel minnka hópana enn frekar ef nægur mannskapur er. Hér kemur ný Læsisáætlun Norðurmiðstöðvar að góðum notum og við viljum hafa hana sýnilega öllum.





9 Umbótaáætlun 2025-2026

Drekagerði – elsta deild	
Umbótapáttur/matspáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Reggio: Umhverfið sem þriðji kennarinn þar sem skynjun og töfrandi umhverfi sem skapar flæði í leik eru aðalatriðið. Allir fá hlutverk og auka ábyrgð starfsfólks. Opinn efniviður eins og jarðleir í notkun á hverjum degi og listasmiðjan notuð í ferlistengd verkefni og upplifun barna. Allt á að vera ævintýrlegt og töfrandi.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Skipulagning umhverfisins og áhersla á skynjunarstöðvar og að kennari sé staðsettur á hverri stöð.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Búa til skipulagt skjal með hugmyndum sem auðveldar val fólks og krefja fólk um að nýta m.a. undirbúning í að kynna sér Reggio og undirbúa svæði. Niðurstaða skipulags verður að vera sýnilegt - ekki bara legóstöð og teiknistöð heldur líka skynjunar tengdar stöðvar sem skapa flæði.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 25-maí 26
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á deildarfundum





Umbótaþáttur/matsþáttur	Reggio skráningar á námi og leik barna með áherslu á samskipti. Ekki bara myndrænar skráningar á skipulögðum dögum heldur leikskráningar inni og úti fyrir hóp og einstaklinga sem miða að djúpri skoðun á hegðun og samskiptum og styrkleikum barna.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Dýpri skráningum og betra námsmat fyrir börnin.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Undirbúningur starfsfólks nýttur til skráninga og krafa gerð að starfsfólk sé vakandi fyrir umhverfi og leik barna og sé staðsett hjá þeim.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 25-maí 26
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Deildarfundir og fagfundir: sýndar skráningar sem hafa verið gerðar og skoðað hvaða börn hafa fengið skráningu. Skráningar nýttar í endurmat á deildarfundum og til að finna hvað hentar hverju barni fyrir sig.





Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Lýðræði: Börnin séu með rödd sem þau þora að nota og láta heyra í sínum hugsunum og skoðunum. Tekið sé mark á börnunum og að þau hafi áhrif.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Leggja meiri áherslu á að börnin tali saman sín á milli hvað þau vilji gera í daglegu starfi. Hugmyndir barnanna séu gripnar og unnið með þær. Það eflir sjálfstraust þeirra til muna að börnin fái að sjá og heyra að þau hafi áhrif á leikskólastarfið og það sé tekið mark á þeirra hugmyndum og að hlustað sé á þau öll. Grípa áhuga barnanna og vinna út frá því.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hlusta á börnin. Skrifa niður hugmyndirnar þeirra. Leyfa röddum barnanna að heyrast. Gefa börnunum ábyrgð á sínu daglega starfi. Tala við börnin í samveru.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 25-maí 26
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á deildarfundum með samtali um faglegt starf á deildinni. Í spjalli við börnin um lífið í leikskólanum.





Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Læsi: Aukinn lestur bóka í litlum hópum. Að börnin lesi í umhverfið sitt. Tilfinningalæsi, læra á líkamann sinn. Áframhaldandi Lubbastund einu sinni í viku.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Lestur: Að skipulögð lestrarstund sé í litlum hópum að minnsta kosti einu sinni á dag sem partur af málörvun. Lubbi tengist þessu. Börnin spurð spurninga út frá myndum og texta. Tilfinningalæsi: Leggja áherslu á tilfinningaskrímslið og koma með það inn í þemastarf. Að börnin geti sett lit á tilfinningarnar sínar. Náttúrulæsi: Að börnin læri á umhverfið sitt og tengja það við virkt útinám einu sinni í viku.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Þemavinna unnið sé með tilfinningar.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 25-maí 26
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á deildarfundum og í barnahópnum með umræðum um samskipti á deildinni, veðurfar og Lubba.





Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Útinám og útivera.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Stefnt að því að gera útiveru meira aðlaðandi fyrir börn og kennara og að allir finni til ábyrgðar að koma með hugmyndir og vera vakandi fyrir leik barna úti. Einnig að náttúrulæsi komi sterkar inn í tengslum við vikulegt útinám.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að útinám verði partur af vikuplani en einnig að það verði partur af vali barnanna á hverjum degi, þ.e. að þau velji sér t.a.m. útistöð og þá sé það á ábyrgð kennara að setja upp í samtali við börnin leik og skynjun í tengslum við Reggio stefnuna.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 25-maí 26
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á deildarfundum





10 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.

Starfsþróunarsamtöl voru tekin á vorönn og eru flest allir ákveðnir í að vera áfram hér í Vinagerði. Nokkrir eru búnir að skrá sig í nám sem er mjög gleðilegt, bæði í leikskólakennarann og í leikskólaliðann.

Allir nýjir starfsmenn taka nýliðanámskeið á Torginu og auk þess býður Norðurmiðstöð upp á námskeið fyrir nýja starfsmenn þrisvar á ári sem er frábært. Í vetur er starfsfólk búið að fara á námskeið hjá Greiningarstöð, Tras námskeið, Pecs námskeið og fleira. Aðstoðarleikskólasjóri var í Forystunáminu í vetur.

Anna Steinssen kom með fyrirlestur í haust og vann í framhaldi með okkur samskiptasáttmála sem allir skrifuðu undir. Þóra Sæunn og Emilía Rafnsdóttir frá Miðju máls og læsis komu með fyrirlestur og kynningu tengt efninu Orð eru ævintýri. Í maí var skyndihjálparnámskeið fyrir alla á skipulagsdegi.

11 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf við Breiðagerðisskóla gekk mjög vel í vetur. Farið var í nokkrar heimsóknir á haust og vorönn og fyrsti bekkur heimsótti okkur sömuleiðis í janúar. Þá kom 7. bekkur og las fyrir börn leikskólans í tenglum við dag íslenskrar tungu. Einnig var farið í heimsókn í frístundina og á bókasafnið. Áhersla var á að börnin upplifðu öryggi til að flutningur á milli leik- og grunnskóla yrði þeim auðveldur og það gekk vel. Reynt var að skipuleggja útinámsdag í samvinnu við eldri hóp í Jörfa og fyrsta bekk í Breiðagerðisskóla í október en það datt upp fyrir þar sem erfitt reyndist að finna tíma þar sem allir komust. Það væri gaman að reyna að finna tíma fyrir þetta í haust.

12 Foreldrasamvinna

Foreldrasamvinna er mikil innan leikskólans og lögð er áhersla er á að leikskólinn og heimili myndi saman þorpið sem sjái um að koma barni til manns. Foreldrar eru boðnir á haustfund í byrjun skólaárs þar sem farið er yfir starf leikskólans og samstarf heimilis og skóla kynnt. Starfrækt er virkt foreldrafélag og það sér um að koma með ýmsa skemmtun inn í leikskólann til að mynda í kringum jól og vor/sumar. Þá er foreldrum send vikuleg fréttabréf ásamt því að fá upplýsingar í gegnum lokaðan facebookhóp og í gegnum Instagram síðu skólans. Foreldraviðtöl eru einu sinni á önn en lögð er áhersla á að við séum alltaf til staðar fyrir foreldra ef eitthvað kemur upp sem þarf að ræða.





13 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar skólaárið 2025 - 2026 verða 6 talsins eins og hér segir:

19. september

24. nóvember (sameiginlegur í hverfi)

2. janúar (sameiginlegur í hverfi)

6. febrúar (sameiginlegur í hverfi)

24. apríl - námsferð

18. maí





14 Fylgiskjöl





Fylgiskjal

Starfsáætlun 2025 - 2026 Vinagerði

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Birta Þórsdóttir
Brynhildur Jensdóttir
Tinna Óðinsdóttir





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Foreldraráð hefur lesið yfir og hér með samþykkt starfsáætlun leikskólans Vinagerðis fyrir skólaárið 2025-2026.

Starfsáætlunin er aðgengileg og endurspeglar vel starfið í Vinagerði. Auk þess að vera plagg til notkunar og utanumhalds meðal stjórnenda og starfsfólks, veitir hún góða innsýn inn í starfið fyrir foreldra og forráðamenn.

Foreldrar taka eftir því að áherslur á Vinagerði eru ekki bara í orði heldur einnig á borði og ná til barnanna, einkum í starfi tengt lýðræði og réttindum barna. Þau vita að þau hafa ýmis réttindi, hafa rödd og geti beðið um að hlustað sé á sínar óskir og hugmyndir. Atriði eins og að börnin fái að velja sér leikstöðvar og hversu lengi þau dvelja í hverju viðfangsefni auka sjálfstæði og ákvarðanatöku barnanna. Sama á við um klæðaburð og salernisferðir, börnin læra að lesa líkamann og treysta sínu innsæi þar um.

Þrátt fyrir starfsmannabreytingar í haust leystu stjórnendur vel úr vandamálum sem því fylgdi og héldu foreldrum vel upplýstum. Starfsfólk, stjórnendur og foreldrar lögðu hönd á plóg þegar ekki var full mönnun og teljum við í foreldraráði það hafi verið leyst eins vel og hægt var. Eins og það snýr við foreldrum virðist starfsandi á Vinagerði vera framúrskarandi góður. Flestir kennarar, sama á hvaða deild þekkja vel til barnanna og auðvelt að tala við þá alla. Umbótaáætlanir eru góð vinnuþlög, jarðtengd og talin upp verkefni sem þarf að ganga í. Milli ára sést samhengi í áherslum og þróun starfsins. Það er gleðilegt að sjá að markmiðum til umbóta hefur verið náð. T.d. að allar deildir hafi deildarsáttmála.

Helstu atriði sem foreldraráði þykir að mætti bæta er að halda fjölskyldu kaffi. Þannig þætti börnunum sínir gestir og sín útgáfa af fjölskyldu jafngild annara.

Tekið er fram í kaflanum um foreldrasamstarf hvernig upplýsingaflæði er til foreldra, með vikupóstum og myndum á instagram aðgangi. Bæði er prýðilega gert og til fyrirmyndar.

Mögulega mætti þó minnast á upplýsingaflæði frá stjórnendum til foreldra um sérstaka daga þar sem börn eiga að mæta með eitthvað eða bjóða með sér fjölskyldumeðlimum í leikskólann. Þessar upplýsingar geta týnst í vikupóstum sem bitnar svo á einstaka börnum. Að öðru leyti er upplýsingaflæði gott.





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



